



Björn Ólafsson  
Markarflöt 5  
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. ágúst 2012  
UST20120700206/dg

### Þríhnúkar – stígar og gönguleiðir

Umhverfisstofnun hefur borist erindi Björns Ólafssonar dags 31. júlí sl. f.h. Þríhnúka ehf. varðandi mörkun göngustíga að og við Þríhnúka í Bláfjallafólkvangi.

Bláfjallafólkvangur var fyrst friðlýstur árið 1973 og árið 1985 var sú friðlýsing endurnýjuð með auglýsingu. Í friðlýsingunni segir meðal annars að óheimilt sé að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til og að öll mannvirkjagerð sé háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Umrædd framkvæmd felur í sér afmörkun og stikun gönguleiða á svæðinu. Loftmynd er sýnir umræddar leiðir fylgdi umsókninni. Á loftmyndinni er skýringalykill þar sem gönguleiðirnar eru skilgreindar sem malarstígar frá 1-3 m breiðir. Í umsókninni er tekið fram að ekki er áætlað að gera stíga heldur einungis afmarka leiðirnar.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir afmörkuninni með eftirfarandi skilyrðum

- Aðkomuleið þarf að girða af sitt hvoru megin, þannig að hámarksbreidd verði 1.5m.
- Uppgönguleið frá rótum Þríhnúka að gígopi skal halda eins og hún er í dag.
- Aðrar leiðir (sýnd græn með appelsínugulu á loftmynd) er leyfilegt að stika að undanskilinni leiðinni við rætur Miðhnúks vestanmegin en Umhverfisstofnun telur að fyrst um sinn eigi að halda afmörkuðum gönguleiðum á svæðinu í lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir umsóknaraðila á að umrætt svæði er þjóðlenda og þarf því einnig leyfi forsætisráðuneytisins fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
Sviðsstjóri

Drífa Guðafsdóttir  
sérfræðingur